

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 94/41/EB**frá 18. júlí 1994****um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fódri**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/17/EB ⁽²⁾, einkum 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukunum hefur verið steypt saman í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE ⁽³⁾.

Notkun aukefnis er telst til bindiefna, kekkjavarnar- og storkuefna hefur verið nákvæmlega prófuð í tilteknum aðildarríkjum. Svo virðist sem unnt sé að heimila notkun þessa nýja efnis hvarvetna í bandalaginu á grundvelli fenginnar reynslu.

Ný notkun aukefna er teljast til sýklalyfja og örvera hefur verið prófuð með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum. Slíka nýja notkun ber að heimila til bráðabirgða innanlands meðan beðið er eftir að hún verði heimiluð á vettvangi bandalagsins.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukum við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. júní 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

Tilskipun þessi öðlast gildi 20 dögum eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

Gjört í Brussel 18. júlí 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 105, 26. 4. 1994, bls. 19.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðaukum við tilskipun 70/524/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í I. viðauka:

1.1. Í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“:

1.1.1. breytist EB-númerið fyrir sepiólít í E 562;

1.1.2. bætist eftirfarandi atriði við:

EB-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilfóður, mg/kg		
„E 563	Sepiólítkenndur leir	Vatnað magnúmsilíkat úr botnfalls-efnum, sem inniheldur að minnsta kosti 40% af sepiólíti og 25% af illíti. Laust við asbest.	Allar dýrategundir og -flokkar	—	—	20 000	Allt fóður“

2. Í II. viðauka:

2.1. Í A-hluta „Sýklalyf“ bætist eftirfarandi við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					magn	magn		
					heilfóður, mg/kg			
„31	Basítrasínsink	C ₆₆ H ₁₀₃ O ₁₆ N ₁₇ SZn (fjölpeptíð sem inniheldur 12 – 20% sink)	Holdakjúklingar	—	5	50	—	30. 11. 1995
			Svín	6 mánaða	5	50	—	30. 11. 1995“

2.2. Í O-hluta „Örverur“ bætist eftirfarandi við:

Nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Heilfóður, CFU/kg		Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					hámark	lágmark		
„2	<i>Bacillus licheniformis</i> (DSM 5749) / <i>Bacillus subtilis</i> (DSM 5750) [í hlutfallinu 1/1]	Blanda af <i>Bacillus licheniformis</i> og <i>Bacillus subtilis</i> sem inniheldur 3,2 x 10 ⁹ CFU/g aukefni (1,6 x 10 ⁹ CFU/g af hverjum sýkli)	Mjólkurgrísir	4 mánaða	1,28 x 10 ⁹	3,2 x 10 ⁹	—	30. 11. 1995“